

Miðvikudaginn 16. febrúar 1994.

Nr. 74/1994.

**Alda Benediktsdóttir og
Ingibjörg Bjarnadóttir**

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 7. febrúar 1994, sem barst réttinum 9. sama mánaðar. Krefjast þeir þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „lagt verði fyrir héraðsdóm að kveðja forsvarsmenn varnaraðila fyrir dóm til að gefa skýrslu um málsatvik og kosta kapps um að yfirlýsingar varnaraðila fyrir héraðsdómi sem þýðingu hafa verði sem gleggstar“. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar in solidum úr hendi sóknaraðila.

Mál þetta höfðaði varnaraðili sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála gegn sóknaraðilum og Sveini Bjarnasyni og Iðnaðar- og efnavörum. Var málið þingfest 24. júní 1993. Þá var mætt af hálfu sóknaraðila, sem fengu tvívegis frest til að leggja fram greinargerð. Var hún lögð fram 7. október 1993. Þar var skorað á aðra aðila málsins að gefa skýrslu um málsatvik. Við fyrirtöku málsins 8. desember 1993 svaraði lögmaður varnaraðila áskorun sóknaraðila með bókun þeirri, sem getið er í hinum kærða úrskurði. Í næsta þinghaldi hinn 11. janúar sl. gerði lögmaður sóknaraðila þá kröfu „með vísan til 48. gr. eml. að stefnandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa aðilaskýrslu“. Lögmaður varnaraðila mótmælti kröfunni „og vísar til þess að reglur um meðferð eml. varðandi ráðstöfunarhæfi sakarefnis fela stefnanda það vald að gera málstað sinn svo úr garði sem hann kys“. Dómarinn tók þá málið til úrskurðar.

Kröfugerð sóknaraðila verður ekki skilin öðruvísi en svo, að forvarsmenn varnaraðila verði kallaðir fyrir dóm þrátt fyrir neitun. Samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála metur dómari, hvort rétt sé að kveðja aðila til skýrslutöku að kröfu gagnaðila. Fram kemur í hinum kærða úrskurði, að héraðsdómari taldi skýrslutöku þarflausa og að unnt væri að meta málsástæður sóknaraðila án hennar. Ekki voru lagaskilyrði til að kveða upp úrskurð um þetta, enda samrýmist það ekki forræði aðila á sakarefni, að hann sé skyldaður til skýrslugjafar fyrir dómi samkvæmt 48. gr., sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991. Verður þessum ágreiningi aðila ekki skotið til Hæstaréttar. Brestur því heimild til kærú málsins, og verður því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðilar greiði varnaraðila óskipt kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar, Alda Benediktsdóttir og Ingibjörg Bjarnadóttir, greiði óskipt varnaraðila, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1994.

Lögmaður stefnanda hefur vegna áskorunar í greinargerð stefndu bókað eftirfarandi: „Íslandsbanki hf. ritaði útgáfudag og gjalddaga á víxilinn með heimild í 10. gr. víxillaga og sýndi til greiðslu lögum samkvæmt.“ Þá hefur lögmaður stefnanda lýst því yfir að mál þetta sé höfðað og rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991 og verði frekari gögn ekki lögð fram í málinu nema sérstakt tilefni gæfist.

Lögmaður stefndu hefur með bréfi til stefnanda ítrekað að upplýst verði hvenær og hver ritaði útgáfudag og gjalddaga á víxil þann, er mál þetta snýst um. Lögmaður stefnanda hefur með bréfi, dagsettu 4. janúar sl., svarað þessari málaleitan lögmans stefndu og vísað til ofangreindrar bókunar. Lögmaður stefndu gerði þá kröfu í þinghaldi 11. janúar sl., að stefnandi yrði kvaddur fyrir dóm til að gefa aðilaskýrslu, en lögmaður stefnanda mótmælti því.

Það er álit dómarans að unnt sé að leggja mat á málsástæður stefndu án frekari gagnaöflunar og er munnleg skýrslugjöf aðila því þarflaus, enda er mál þetta rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Skýrslutaka aðila verður ekki leyfð í máli þessu.
